

Á fundi bæjarstjórnar 25. apríl sl. samþykkti meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 12 tillögur bæjarstjóra um breytingar á starfsemi menningarhúsa Kópavogs. Ein þeirra fólst í því að leggja niður starfsemi Héraðsskjalasafn Kópavogs og ganga til samvinnu við Þjóðskjalasafn um að taka við verkefnum þess. Af því tilefni er spurt:

1. Hvernig er viðræðunefnd Kópavogsbæjar við Þjóðskjalasafnið skipuð, hversu margir fundir hafa verið og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar? Óskað er afrits af fundargerðum/minnispunktum úr viðræðunum.
2. Hvernig stendur Kópavogsbær vörð um faglega þekkingu á skjölum og upplýsingaöryggi þeirra við undirbúning að flutningi verkefna?
3. Hvenær má búast við að flutningur gagna hefjist og hvenær á honum að vera lokið?
4. Hversu mikið magn skjala mun flytjast og hvernig verður umbúnaður þeirra fyrir flutning?
5. Hefur starfsmönnum Héraðsskjalasafns Kópavogs verið sagt upp?
6. Hefur verið gerð breyting á störfum og verkefnum starfsmanna héraðsskjalasafnsins til að fylgja eftir ákvörðun um að leggja safnið niður og undirbúa flutning safnkostsins?
7. Hver er hlutur starfsmanna héraðsskjalasafnsins í undirbúningi Kópavogsbæjar að flutning safnkosts og skjala Kópavogsbæjar til Þjóðskjalasafns?
8. Eru fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að persónuupplýsingar fari ekki forgörðum og að ekki skapist hættu á ólögmætum aðgangi að upplýsingum?
9. Hvaða aðstaða hefur verið tryggð fyrir einkasöfn í vörslu héraðsskjalasafnsins, ljósmyndasafn Kópavogs og Sögufélag Kópavogs?
10. Hvaða kostnaðargreiningar og kostnaðaráætlanir liggja fyrir?
 1. Kostnaður til Þjóðskjalasafns (ríkisins) annars vegar vegna viðtöku fyrirbyggjandi skjala og vörslu þeirra og hins vegar móttöku og vörslu skjala framtíðarinnar.
 2. Kostnaður innan Kópavogsbæjar t.d. vegna uppgjörs við starfsfólk og frágangs húsnæðis og búnaðar?

Bergljót Kristinsdóttir

Helga Jónsdóttir

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir

Theodóra S. Þórsteinsdóttir